

## REGLUGERÐ

### um greiðslur sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 1994.

#### 1. gr.

Á árinu 1994 skulu sveitarfélög greiða 600 m.kr. til Atvinnuleysistryggingasjóðs eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

#### 2. gr.

Greiðslur sveitarfélaga samkvæmt 1. gr. skulu ákveðnar á eftirfarandi hátt:

- a. Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 2.312 kr. fyrir hvern íbúa.
- b. Sveitarfélög með 299 íbúa eða færri greiði 1.387 kr. fyrir hvern íbúa.

Við útreikning á greiðslu sveitarfélags til Atvinnuleysistryggingasjóðs skal miða við íbúafjölda í viðkomandi sveitarfélagi eins og hann var samkvæmt þjóðskrá 1. desember 1993.

#### 3. gr.

Greiðslur sveitarfélaga samkvæmt reglugerð þessari skulu greiddar með átta jöfnum greiðslum á gjalddögum 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. ágúst, 1. september, 1. október, 1. nóvember og 1. desember 1994.

#### 4. gr.

Ríkisbókhald sér um útreikning á greiðslum sveitarfélaga samkvæmt þessari reglugerð.

Ríkisbókhald skal senda mánaðarlega greiðsluáskorun til sveitarfélaganna þar sem fram kemur fjárhæð greiðslu og upplýsingar um greiðslustað.

Áður en innheimta á greiðslum sveitarfélaga hefst skal ríkisbókhald senda Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hverju sveitarfélagi fyrir sig upplýsingar um útreikning á greiðslum þeirra og forsendur fyrir útreikningum.

#### 5. gr.

Eigi síðar en fimm dögum eftir gjalddaga skal ríkisbókhald gera Atvinnuleysistryggingasjóði skil á greiðslum sveitarfélaga sem innheimtar hafa verið samkvæmt reglugerð þessari.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis IV við lög nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, sbr. a.-lið 17. gr. laga nr. 127/1993, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 17. mars 1994.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Bragi Gunnarsson.*